

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/682****2025/EES/75/18****frá 8. apríl 2025**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á nýfæðinu repjufræsduft, fitusneytt að hluta til, úr *Brassica rapa* L. og *Brassica napus* L. (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins yfir nýfæði, á markað í Sambandinu.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var skrá Sambandsins yfir nýfæði komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Skrá Sambandsins sem er sett fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 inniheldur repjufræsduft, fitusneytt að hluta til, úr *Brassica rapa* L. og *Brassica napus* L. sem leyft nýfæði.
- 4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/120 ⁽³⁾ var leyft að setja á markað repjufræsduft, fitusneytt að hluta til, úr *Brassica rapa* L. og *Brassica napus* L. sem nýfæði til notkunar í nokkrar tegundir matvæla.
- 5) Hinn 19. október 2023 lagði fyrirtækið Ferm Food ApS (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, um að breyta nákvæmri skilgreiningu á nýfæðinu repjufræsduft, fitusneytt að hluta til, úr *Brassica rapa* L. og *Brassica napus* L. Umsækjandinn óskaði eftir því að lækka gildin fyrir prótín og lípíð og að hækka gildin fyrir heildarmagn kolvetna, heildarmagn trefja, raka og ösku í fullunna duftinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/682, 9.4.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 233/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2015/2283/oj>.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/2470/oj).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/120 frá 2. febrúar 2021 um leyfi til að setja á markað repjufræsduft, fitusneytt að hluta til, úr *Brassica rapa* L. og *Brassica napus* L. sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 37, 3.2.2021, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/120/oj).

- 6) Umsækjandinn lagði fram rökstuðning fyrir beiðni sinni um að breyta nákvæmri skilgreiningu á nýfæðinu sem varðar breytingu á nokkrum samsetningarmæliþáttum. Umsækjandinn tilgreindi að breytingarnar á nákvæmri skilgreiningu sem óskað er eftir hafi í för með sér viðtækari skilgreiningu á eiginleikum/samsetningu nýfæðisins og að þessar breytingar geri sveiflur í uppskeru í Sambandinu, framleiðslu í olíuverksmiðjum og pressunaraðferðum mögulegar. Tillagðar breytingar myndu einnig gera það kleift að nota *Brassica rapa* L. og *Brassica napus* L. úr bæði vetrar- og voruppskeru sem myndi því leiða til aukins framboðs á hráefnum og til mögulegrar framleiðslu á repjufræsdufti, fitusneyddu að hluta til, fyrir matvæli. Lækkun á neðra gildi prótíns úr 33% í 28% myndi einkum gera það kleift að auka framboðið á hráefni og möguleikann á umbreyta fleiri repjufræskökum, sem eru ætlaðar sem fóður, í matvæli. Með tilliti til þess að á markaði er eftirspurn eftir fitulitlum matvælum myndi lækkun á neðra gildi fyrir lípíð úr 14% í 10% gefa möguleika á hentugra repjufræsdufti sem matvælainnihaldsefni. Enn fremur myndi hækkun á hámarksgildi fyrir raka úr minna en 7% í minna en 11% gera skilvirkari tækni mögulega sem gerir það kleift að nota þurrkunar- eða stöðgunarferli sem krefst minni orku sem myndi draga úr heildarkolefnissporinu frá hreinsun á repjufræskökum fyrir matvæli. Þar eð tilgreind mörk fyrir peroxíð haldast óbreytt hefur tillögð aukning á raka enn fremur ekki í för með sér aukna áhættu á oxun. Umsækjandinn rökstuddi einnig beiðni sína með því að umbeðin lækkun á gildum fyrir prótín og lípíð og hækkun á gildum fyrir heildarmagn kolvetna, heildarmagn trefja, raka og ösku í fullunnu dufti hafi ekki áhrif á öryggi nýfæðisins.
- 7) Til viðbótar við breytileika hráfnisins eru tillagðar breytingar á nákvæmri skilgreiningu á nýfæðinu afleiðing af breytingum á framleiðsluferlinu. Í ferli Ferm Food ApS er repjufræskakan, sem er þegar fitusneydd að hluta til, keypt af repjuolíuframleiðendum í ESB, flutt á framleiðslustað Ferm Food ApS og gerjuð með blöndu af mjólkursýrugerlum. Ferlið felur ekki í sér þrepin þvott, síun, skiljun í skilvindu eða sýringu eins og lýst er í vísindalegu álit Matvælaöryggisstofnunarinnar⁽⁴⁾ (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Úrgangsefni frá gerjun með mjólkursýrugerlum er mjólkursýra.
- 8) Framkvæmdastjórnin telur að umbeðin uppfærsla á skrá Sambandsins varðandi breytingu á nákvæmri skilgreiningu á repjufræsdufti, fitusneytt að hluta til, úr *Brassica rapa* L. og *Brassica napus* L., sem umsækjandinn lagði til, sé ólíkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna og að öryggismat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, sé ekki nauðsynlegt. Breytingar á framleiðsluferlinu, breytileiki hráfnisins og breytingar á gildum fyrir prótín, lípíð, heildarmagn kolvetna, heildarmagn trefja, raka og ösku hafa ekki áhrif á öryggi nýfæðisins, eins og Matvælaöryggisstofnunin mat það, og breyta ekki niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar sem studdu upphaflega leyfið.
- 9) Upplýsingarnar í umsókninni gefa nægar forsendur til að ákvarða að breytingarnar á nákvæmri skilgreiningu á nýfæðinu séu í samræmi við skilyrðin í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og það ætti að samþykkja þær.
- 10) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(7), 6197.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir repjufræsduft, fitusneytt að hluta til, úr *Brassica rapa* L. og *Brassica napus* L. í töflu 2 (nákvæm skilgreining) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyfi nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Repjufræsduft, fitusneytt að hluta til, úr <i>Brassica rapa</i> L. og <i>Brassica napus</i> L.“	Skilgreining: Duftið er framleitt úr fræjum, sem eru fitusneydd að hluta til, úr tvöföldum 00-ræktunarafrögðum <i>Brassica rapa</i> L. og <i>Brassica napus</i> L., sem eru ekki erfðabreytt, með röð vinnsluþrepa til að minnka magn glúkósínólata og fýtata. Gjafi: Fræ úr <i>Brassica rapa</i> L. og <i>Brassica napus</i> L. Eiginleikar/samsetning: Prótín (N × 6,25): 28,0–43,0% Lípið: 10,0–22,0% Heildarmagn kolvetna(*): 33,0–45,0% Heildarmagn trefja(**): 33,0–46,0% Raki: < 11,0% Aska: < 8,0% Heildarmagn glúkósínólata: < 0,3 mmól/kg (≤ 120 mg/kg) Fýtat: < 1,5% Peroxiðtala (í þyngd nýfæðis): ≤ 3,0 mEq O₂/kg Þungmálmur: Blý: < 0,2 mg/kg Arsen (ólífrént): < 0,2 mg/kg Kadmíum: < 0,2 mg/kg Kvikasilfur: < 0,1 mg/kg Ál: < 35,0 mg/kg Örverufræðilegar viðmiðanir: Heildarlífala (30 °C): < 5 000 CFU/g Iðrabakteríur: < 10 CFU/g Salmonella sp.: Ekkert/25 g Ger- og myglusveppir: < 100 CFU/g <i>Bacillus cereus</i>: < 100 CFU/g (*) Samkvæmt mismuninum: 100% – [prótín % + raki % + fíta % + aska %] (**) AOAC 2011.25 (ensímþyngdarmæling) CFU: Þyrringamyndandi einingar, AOAC: „Association of Official Agricultural Chemists“ (samtök opinberra landbúnaðarfræðinga)“